

## Stjórnarfundur FHB 29. apríl 2020 (símafundur)

Mættir voru: Sveinn Steinarsson, Eysteinn Leifsson, Jón Bjarni Þorvarðarson og Vignir Sigurðsson, Heiðrún Ósk Eymundsdóttir boðaði forföll.

Sveinn fór yfir væntanlega Landssýningu sem haldin verður 27. Júní að Gaddstaðafötum ákvörðun og aðdraganda að tímasetningu og staðarvali á þessum viðburði. Forsvarsmenn og framkvæmdanefnd LM 2020, sem nú hefur verið aflýst, lýstu yfir miklum áhuga á að sjá um framkvæmd þessa viðburðar í samstarfi við FHB.

Sveinn ræddi þá tekju- og kostnaðarliði sem þessi viðburður bæri. Engin skráningargjöld verða innheimt og óljóst hvort aðgangseyrir verði innheimtur, en gert ráð fyrir að megin tekjurnar komi í gegnum sölu á streymi frá viðburðinum. Viðburðurinn mun taka mið af þeim reglum um samkomuhald eins og þau verða þegar viðburðurinn á sér stað.

Umræða varð um dagskrá og tímasetningar sem verða að standast þar sem flestir áhorfendur munu horfa á viðburðinn heima í stofu í gegnum streymi.

Rætt var um hvort rétt væri að afhenda þá verðlaunagripum sem alla jafna eru afhentir á Landsmótum, sitt sýnist hverjum og hefur verið þó nokkur umræða um þessa hluti á meðal hestamanna almennt en stjórnarmenn almennt á því að það sé ekki aðalatriðið í þessu efni heldur að halda góða kynningu á okkar allra bestu kynbótahrossum í hverjum flokki. Sveinn útskýrði að t.d myndu útreikningar á afkvæmahestum liggja ljóst fyrir þrátt fyrir að LM færi ekki fram þar sem það er byggt á grundvelli kynbótamatsins sem liggur fyrir þegar Landssýningin er haldin. Fjöldi þeirra hesta sem mætir með afkvæmi mun koma í ljós þegar eigendur hafa boðað komu sinna hesta sem þátttökurétt eiga.

Ekki liggur ennþá fyrir kostnaðaráætlun fyrir viðburðinn en stefnt er að því að taka hana fyrir sem fyrst.

Sveinn ræddi þá hugmynd sem verið hefur í umræðunni, um að vorsýningarnar verði teknar upp og þannig væri hægt að setja inn í myndabanka WF myndbönd af þeim hrossum sem hefðu unnið sér þátttökurétt á LM2020. Þetta hefur verið í óformlegri umræðu en FHB hefur í þó nokkurn tíma talað fyrir því að allar kynbótasýningar verði teknar upp og sá kostnaður sem af því hlýst yrði inni í sýningargjöldunum og hugsanlega væri hægt að hafa tekjur af streymi einnig. En svo er spurning hver á að framkvæma og bera ábyrgð að þessum upptökum?

Umræða varð um hesthúspláss á komandi Landssýningu þ.e. hvort hægt væri að tryggja þeim sem kæmu lengst að pláss í hesthúsinu á svæðinu. Mikilvægt er að svo sé og mun það verða rætt sérstaklega við staðarhaldara.

Sveinn sagði frá verkefnastjórnarfundum HOI sem haldinn verður á morgun og mögulega aðkomu verkefnisins að ítarlegri umfjöllun um Landssýninguna.

Aðild FHB að rammisamningi BÍ er í vinnslu og höfum við unnið að okkar áherslum og von er á útkomu í þeim efnum, og virðist sem sú vinna sé að skila árangri.

Sú breyting er að hægt er að hafa fulla aðild að BÍ fyrir með félagsgjaldi upp á 18 þúsund krónur og allt að 5 miljóna veltu á búi, en áður var nánast engin munur í félagsgjaldi fyrir þá sem voru með lítil bú og litla veltu eða mjög stór bú með gríðarlega veltu. Félag hrossabænda hefur beitt sér fyrir því að aðildargjald að BÍ yrði sanngjarnara og tæki mið af umfangi rekstrar og því fögnum við þessari breytingu.

Fleira ekki gert, við þennann Eysteinn.